



# Bandalag íslenskra listamanna

*Federation of Icelandic artists*

## **Efni: Umsögn Bandalags íslenskra listamanna um frumvarp til laga um listamannalaun (nýjir sjóðir og fjölgun úthlutunarmánaða), 937. mál**

Til allsherjar- og menntamálanefndar.

Bandalag íslenskra listamanna, lýsir eindregnum stuðningi við frumvarp til laga um listamannalaun sem nú liggur fyrir Alþingi og gerir bandalagið engar efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

Líkt og fram kemur í frumvarpinu eru þær breytingar sem lagðar er til í samræmi við stefnu stjórnvalda, sem fram kemur í sáttmála stjórnarflokkanna um ríkisstjórnarsamstarf; að vinna að því að styrkja faglega starfslauna- og verkefnasjóði listamanna. Í því felst sérstök áhersla á að starfslaunin tryggji betur afkomu þeirra sem starfa við listir og skapandi greinar. Breytingatillögurnar fela í sér fyrstu efnislegu endurskoðunina á kerfinu vegna listamannalauna frá setningu laganna árið 2009. Að mati BÍL er löngu orðið tímabært að fjölga mánaðarlaununum í takt við tímann og fjölda umsækjenda.

Þá tekur BÍL heilshugar undir að mynda sérgreindan sjóð fyrir kvikmyndahöfunda, þ.e. leikstjóra og handritshöfunda, og skapa nýja þverfaglega sjóði. Tilkoma nýs sérgreinds sjóðs kvikmyndahöfunda felur í sér aðgerð sem mun efla starf kvikmyndahöfunda og kvikmyndagerð hér á landi. Tilkoma sjóðsins er í samræmi við kvikmyndastefnu ríkisins og uppfyllir fyrirætlanir stefnunnar. Með tilkomu sjóðsins styður starfslaunakerfið betur við þá breidd og fjölbreytni sem listalífið hér á landi felur í sér. Það sama má segja um tilkomu nýrra þverfaglegra sjóða. Slíkir sjóðir eru til þess fallnir að byggja annars vegar undir grundvöll nýliðunar í listageiranum og hins vegar undir viðurkenningu og tryggja afkomu þeirra sem reyndari eru og hafa helgað sig listinni.

Virðingarfyllst,

*Jóna Hlíf Halldórsdóttir*

Forseti Bandalags íslenskra listamanna